

Skaftfell

MIÐSTÖÐ  
MYNDLISTAR  
Á AUSTURLANDI  
CENTER FOR  
VISUAL ART

Ársskýsla Skaftfells 2014

Unnin af Tinnu Guðmundsdóttir

## **Starfsmannahald**

Alls störfuðu tveir starfsmenn allt árið, í alls 120% stöðugildi. Tinna Guðmundsdóttir starfaði sem forstöðumaður í 70% starfshlutfalli og Litten Nyström starfaði í 50 % starfshlutfalli sem gestavinnustofu- og verkefnafulltrúi.

Einnig starfaði einn starfsmaður í 50% starfshlutfalli frá september til desember, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir sem fræðslufulltrúi.

Eitt stöðugildi var fjármagnað gengum Vinnumálastofnun og Seyðisfjarðarkaupstað. Rúnar Loftur Sveinsson vann í 100% starfshlutfalli frá apríl – ágúst, 77% starfi í september og 50% starfi frá október-desember.

Skaftfell var með lærling um sumarið í gegnum Georgian College. Becky Forsythe frá Kanada vann frá 1. maí til 6. ágúst.

## **Sýningardagskrá og viðburðir**



Árið 2014 var seinna ár Ráðhildar Ingadóttur sem listræns heiðursstjóranda Skaftfells. Sýningarstefna Skaftfells fyrir árin 2013-2014 var ákveðin:

*Á árunum 2013- 2014 verður lögð áhersla á styrkja hlutverk Skaftfells sem burðarstólp í miðlun alþjóðlegrar samtímamynndlistar á Austurlandi. Dagskráin samanstendur af sýningum og viðburðum sem gerir skil framsækinni myndlist eftir bæði upprennandi og leiðandi alþjóðlega listamenn. Árlega verða fjórar til fimm sýningar í aðalsýningar, auk viðburða í Bókabúð-verkefnarými og almenningsrými.*

Listræn sýn Ráðhildar var eftirfarandi:

*Ábreifanlegt birtingarform listaverks er eingöngu brot af veruleika þess. Hin raunverulegi kjarni listsköpunar er samspil innihalda og aðferðar. Hugsunarferli, innsæi og lífsviðhorf listamannsins er grundvallarforsenda frumsköpunar, en ekki færni og fínslipun í ákveðinni tækni.*

Í sýningarsalnum opnuðu fjórar nýjar sýningar árið 2014 auk fjölda sýninga og viðburða í Bókabúðinni-verkefnarými og víðsvegar.

## Sýningarsalur



### Hnallþóra í sólinni, 7. sept 2013 – 16. feb 2014

Í byrjun árs stóð enn yfir 15 ára afmælissýning Skaftfells „Hnallþóra í sólinni“. Til sýnis voru prentverk eftir svissneska listamanninn Dieter Roth (1930-1998), valin af Birni Roth. Dieter var með eindænum fjölhæfur myndlistamaður og hönnuður. Þann 15. febrúar var Eyrarrósin afhent í Skaftfelli með mikilli viðhöfn og af sama tilefni var haldin Hnallþóru kökukeppni. Þegar sýningartímabilinu lauk ferðaðist „Hnallþóra í sólinni“ suður og var sett upp í Hafnborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.



### Veldi, 1. mars – 2. júní 2014

Hið árlega námskeið *Seyðisfjörður Vinnustofa* var haldið í fjórtanda sinn í samstarfi við Dieter Roth Akademíuna, Listaháskólann og Tækniminjasafnið. Leiðbeinendur voru Björn Roth og Kristján Steingrímur. Skaftfell tók á móti 17 nemendum á lokaári úr myndlistardeild LHÍ í sem dvöldu í gestavinnustofum Skaftfells í tvær vikur. Í fyrri vikunni var lögð áhersla á að kynnast staðnum, því sem er fyrir hendi og hugmyndavinnu. Í lok vikunnar útbjuggu nemendur kynningarefni fyrir sýninguna, undir leiðsögn forstöðumanns. Seinni vikan fór í framleiðslu á listaverki og uppsetningu á sýningu. Sýningin fékk titilinn *Veldi* og opnaði laugardaginn 1. mars. Þátttakendur voru: Andreas Jari Juhani Toriseva, Brynjar Helgason, Freyja Eilíf Logadóttir, Grétar Mar Sigurðsson, Hanna Kristín Birgisdóttir, Heiða Björg Valbjörnsdóttir, Helena Áðalsteinsdóttir, Ívar Glói Gunnarsson, Karl Torsten Ställborn, Katrína Mogensen, Logi

Leó Gunnarsson, Nína Óskarsdóttir, Óskar Kristinn Vignisson, Sigrún Hlín Sigurðardóttir,  
Steinunn Lukka Sigurðardóttir, Una Björg Magnúsdóttir, Pröstur Valgarðsson



### RÓ RÓ, 17. júní – 12. okt. 2014

Sumarsýning Skaftfells 2014 stefndi saman hópi listamanna sem eiga það sameiginlegt að vera í virkum tengslum við Seyðisfjörð. Sumir búa á staðnum, aðrir eiga húsnæði þar eða koma reglulega í fjörðinn. Til sýnis voru ný eða nýleg verk, flest unnin á svæðinu eða bera vísun í staðinn. Sýningin var staðsett í sýningarsal Skaftfells, utandyra og í rýmum víðvegar um bæinn. Sýningarstjóri var Ráðhildur Ingadóttir. Samhliða sýningunni voru ýmsir viðburðir yfir sumarið. Á opnuninni 17. júní var farið í gönguferð um útilistaverkin, fluttur gjörningur og sýnt hljóð- og myndbandsverk. Sunnudaginn 6. júlí var haldin Tvísöngshátíð, sunnudaginn 3. ágúst var haldin Fjallkonuhátíð með þáttöku fjölda listamanna og laugardaginn 23. ágúst voru tónleikar með hljómsveitinni *Létt á bárunni*. Boðið var upp á leiðsögn alla miðvikudaga yfir sumartímann. Þátttakendur voru: Berglind Ágústsdóttir, Birgir Andrésson, Björn Roth, Borghildur Tumadóttir, Daníel Karl Björnsson, Dieter Roth, Elvar Már Kjartansson, Garðar Eymundsson, Garðar Bachmann Þórðarson, Gunnhildur Hauksdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Helgi Örn Pétursson, Ingirafn Steinarsson, Jökull Snær Þórðarson, Julia Martin, Konrad Korabiewski, Kristján Loðmfjörð, Kristján Steingrímur, Linus Lohmann, Litten Nyström, Lukas Kühne, Marcellvs L. & Munan Ævrelid, Monika Fryčová, Pétur Kristjánsson, Ráðhildur Ingadóttir, Roman Signer, Rúnar Loftur Sveinsson, Tinna Guðmundsdóttir, Tumi Magnússon & Þórunn Eymundardóttir. Einnig komu fram raftónlistamaðurinn Auxpan og hljómsveitin *Létt á bárunni*.





### **Soð, 1. nóv. – 1. des. 2014**

Námskeið *Seyðisfjörður Vinnustofa* var haldið í annað sinn í lok október að ósk Listaháskólans sem vildi prófa að færa námskeiðið yfir á haustönn. Leiðbeinendur voru sem fyrr Björn Roth og Kristján Steingrímur. Skaftfell tók á móti 11 nemendum á lokaári úr myndlistardeild sem dvöldu í gestavinnustofum í tvær vikur. Samstarfsaðilar voru Dieter Roth Akademían, Listaháskóli Íslands og Tækniminjasafnið. Þátttakendur voru: Andrea Aðalsteinsdóttir, Andri Björgvinsson, Anton Logi Ólafsson, Arnar B. Sigurbjörnsson, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, Cillian O'Neill, Lizzie Prentis, Sara Björg Bjarnadóttir, Sólveig Eir Stewart, Una Sigtryggsdóttir og Ylva Frick. Samstarfsaðilar sammælust um að námskeiðinu loknu fyrri tímasetning hentaði betur og verður námskeið fært aftur. Þar leiðandi verður ekki námskeið árið 2015.



### **Tvö fljót, 6. des. 2014 – 6. apr. 2015**

Síðasta sýningin á árinu var einkasýning Kristiinu Koskentola, sem var gestalistamaður Skaftfells í júní og júlí 2014, með styrk frá Norrænu menningargáttinni. Á sýningunni komu saman tvær innsetningar sem áttu það sameiginlegt að teygja sig út yfir staðbundin vettvang með því að tengja ólíska heima, verur og tilverusvið. Verkin báru titilinn *One Hundred Ten Thousand* (2011-2012) og *The birds should quiet down now, they always have* (2014). Seinna verkið var unnið á Seyðisfirði þegar Kristiina dvaldi sem gestalistamaður og var sýnt í fyrsta skipti fyrir almenning á sýningunni.

## Sýningar og viðburðir víðsvegar

**„don’t let the sun go down on your grievances“**

25.-26. jan  
Matthias Ruthenberg  
Bókabúðin- verkefnarými

**23:58 – Just a little time**

8.-9. mars  
Marie Dann  
Bókabúðin- verkefnarými

**Aspects of Abiotic Metabolism**

17. – 24. apríl  
Simona Koch  
Bókabúðin- verkefnarými

**Disney, Latibær og Leikfangasaga**

List án landamæra  
15. – 26. maí  
Daníel Björnsson, undir handleiðslu Elvars Mas  
Kjartanssonar  
Bókabúðin- verkefnarými

**Úr rótum fortíðar**

List án landamæra  
15. – 26. maí  
Nemendur úr Seyðisfjarðarskóla  
undir leiðsögn Þorkells Helgasonar  
Skaftfell Bistró

**Gleymdar þjóðsögur**

15. – 26. maí  
Nemendur úr leikskólanum Sólvellir  
undir leiðsögn Halldóru Malin  
Skaftfell Bistró

**Point of View**

30. maí – 3. júní  
Katrín Agnes Klar, Lukas Kindermann  
Bókabúðin- verkefnarými

**Samsöngur í Tvísöng**

Hluti af RÓ RÓ  
6. júlí  
Tvísöngur

Skaftfell sýndi einnig **úrval kvíkmynda frá Riff** í samstarfi við Menningar- miðstöð Fljótdalshéraðs þann 10. október í Skaftfell Bistró. Eins ber að nefna að í lok árs var hin árlega **rithöfundalest** í samstarfi við Skriðuklaustur haldin 20. nóvember í sýningarsalnum.

**Fjallkonuhátíð**

Hluti af RÓ RÓ  
3. ágúst  
Auxpan, Borghildur Tumadóttir, Daníel Karl Björnsson & Gunnhildur Hauksdóttir  
Bakgarður Skaftfells

**Létt á bárunni flytur Sexí**

Hluti af RÓ RÓ  
23. ágúst  
HEIMA

**Secret Garden Verönd**

28. ágúst  
Suzanna Asp  
Hóll gestavinnustofa

**..Weeds those Trojans..**

28. ágúst  
Maria Glyka, Vassilis Vlastaras  
Bókabúðin- verkefnarými

**The girl who never was**

25. okt  
Erik Bünger  
Sýningarsalur

**Rússnesk kvíkmynd**

29. okt  
Herðubreið

**Húfur frá New York**

22. – 29. nóvember  
Petter Lehto  
Bókabúðin- verkefnarými

**MAL(FUNCTION)**

16. – 20. des  
Jukka Hautamäki, Minna Pöllänen  
Bókabúðin- verkefnarými

## Sýningardagskrá 2015



Listrænn heiðurstjórnandi fyrir árin 2015-2016 er skoski sýningarstjórinn og rithöfundurinn Gavin Morrison. Í samstarfi við Ráðhildi Ingadóttur þróaði hann verkefni sem fékk titilinn *the Assembly of the Hyperborans*. Stjórн samþykkti í ársbyrjun að borga undir ferðakostnað til Seyðisfjarðar fyrir þessa samstarfsaðila og til að þróa verkefnið nánar með forstöðumanni. Í kjölfarið var send inn umsókn í Norræna menningarsjóðinn og Norrænu menningargáttina. Verkefnið fékk höfnun úr báðum sjóðum. Til að stóð að senda einnig inn umsókn í Creative Europe sjóðinn en reyndist það ofviða forstöðumanni og samstarfsaðilum.

Í kjölfarið setti Gavin saman sýningardagskrá fyrir sýningarsalinn og stjórн samþykkti hana.

11. apríl – 21. júní

### **Real Life**

Cecilia Nygren (SWE), Lucia Simek (USA), Arild Tveito (NO), Ragnheiður Gestsdóttir (IS) & Markús Þór Andrésson (IS), Hreinn Friðfinsson (IS).

Sýningarstjóri Gavin Morrison (SCT)

Hluti af off-venue dagskrá Sequences VII

25. júní – 5. júlí

### **120 ára afmæli**

#### **Seyðisfjarðarkaupstaðar**

Sýningarstjóri: Þórunn Eymundardóttir

11. júlí – 4. okt

### **Ingólfur Arnarsson og Þuríður Rós Sigurþórsdóttir**

Sýningarstjóri: Gavin Morrison (SCT)

31. október 2015 – Feb 2016

### **Eyborg Guðmundsdóttir (1924-1977)**

ásamt Eygló Harðardóttir.

Sýningarstjóri: Gavin Morrison (SCT)

Aðrir viðburðir

**Listamannaspjall**, annan hvern mánuð.

**Sýning, gjörningur eða opin vinnustofa á vegum gestalistamanna**, mánaðarlega List án landamæra 2015, 16. – 18. apríl **Samsöngur í Tvísöng**, júní eða júlí (mögulega hluti af afmæli SEY)

**RIFF útibú á SEY**, október

**Haustroði**, 3. -4. okt

**Dagar myrkurs**, 5. – 9. nóv

**Dagur myndlistar**, 7. nóv

**Rithöfundalestin**, 28. nóv

## Fræðslustarfsemi

### Fræðsluverkefni



Í september 2014 var fræðsluverkefninu [Stafrænt handverk](#) hleypt af stokkunum. Verkefnið lagði áherslu á samspil sköpunar og sjálfbærni, og var hannað fyrir nemendur í 5. -7. bekk. Í verkefninu lærðu nemendur að búa til eigin litarefni og málningu úr hráefnum sem er finna í nærumhverfi. Að því loknu var notast við snjalltækni til að yfirlæra litinn á stafrænt form og búa til litapallettu. Þátttakendur settu sig í spor rannsakenda og skrásettu hvert stig í vinnuferlinu með ljósmyndum sem var svo miðlað í gegnum samfélagsmiðilinn Twitter. Það opnaði fyrir möguleikan að nemendur í mismunandi bæjarfélögum gætu verið í gagnvirkum samskiptum hver við annan. Verkefnið var unnið í samstarfi við Seyðisfjarðarskóla og [RoShambo](#) og hlaut styrkt úr Sprotasjóði. Alls tóku fimm skólar þátt í verkefninu: Fellaskóli, Brúarásskóli, Nesskóli, Egilsstaðarskóli og Seyðisfjarðarskóli.

### Myndmennt í Seyðisfjarðarskóla

Skaftfell hélt áfram að hafa umsjón með myndmenntarkennslu fyrir 7. -10. bekk í Seyðisfjarðarskóla. Kennslan er 4 klst. á viku og kennari var Hanna Christel Sigurkarlsdóttir. Fyrirkomulagið á kennslunni var með hefðbundnum hætti haustönnina 2013 fyrir 7.-10. bekk en vorönnina 2014 voru listsmiðjur sem voru kenndar í lotum fyrir alla árganga undir leiðsögn mismunandi kennara. Haustönnin 2014 var kennsla aftur með hefðubundum hætti og vorönn kennd í lotum. Þetta samstarf við skólann hefur gengið vel og erum við nú í samtali við skólann að vinna að því að þróa það nánar.



Nemendur héldu þrjár sýningar á verkum sínum:

#### Allt er í öllu

17. janúar  
Nemendur úr myndmenntarvali  
Seyðisfjarðarskóla  
Gamli skóli

**Myrkasýning**  
14. nóv  
Nemendur úr myndmenntarvali  
Seyðisfjarðarskóla  
Bókabúðin- verkefnarými

#### Í lit

17. apríl  
Nemendur úr myndmenntarvali  
Seyðisfjarðarskóla  
Skaftfell Bistró



Nokkir gestalistamenn tóku þátt í kennslunni, með kynningu eða verkefnum. Auk þess var öllum nemendum Seyðisfjarðarskóla boðin leiðsögn um sýningu RÓ RÓ í fylgd með umsjónarkennara.

#### Seyðisfjörður vinnustofa

Hið tveggja vikna námskeið **Seyðisfjörður vinnustofa** í samstarfi við LHÍ, Dieter Roth Akademíuna, Tækniminjasafnið og Skaftfell sem hefur verið haldið síðan 2001 fór fram tvívar árið 2015, í febrúar og aftur í október. Þetta voru námskeið nr. 14 og 15 og komin mikil reynsla í samstarfið.

#### Verkefni framundan

Mörg önnur verkefni fóru af stað og mun afrakstur þeirra líta dagsins ljós á þessu ári, m.a. endurmenntun myndmenntakennara, námskeið fyrir fullorðna og námskeið fyrir erlenden markhóp. Einnig var þróað nýtt fræðsluverkefni fyrir grunnskóla Austurlands sem verður unnið í tengslum við sýningu á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur (1924-1977) og Eygló Harðardóttur.

## Gestavinnustofustarfsemi

Á árinu 2014 rak Skaftfell þrjár gestavinnustofur: Skaftfell, Norðurgötu og Hól. Auk þess þurfti að leigja aukahúsnæði í þrjá mánuði. Aðstaðan var leigð út í samtals 33 mánuði, einn mánuðir var ónýttur sökum forfalla. Umsóknarferli og skipulag fyrir árið 2014 var með sama sniði og árin áður fyrir utan að gestavinnustofan í Skaftfelli var breytt í vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn í nóvember og hluta úr desember. Dvalargjöld voru hækkuð úr 55.000 kr. í 75.000 kr. fyrir Norðurgötu og Skaftfell á mánuði og Hól í 70.000 kr. á mánuði.

Alls komu 27 listamenn til dvalar, þar af fjórir íslenskir. Flestir listamenn dvöldu í einn mánuð, eingöngu níu listamenn dvöldu lengur.

- |   |   |
|---|---|
| 1. <a href="#">Ben Judd</a> (UK)              | 15. <a href="#">Malin Pettersson Öberg</a> (SE) |
| 2. <a href="#">Daníel Björnsson</a> (IS)      | 16. <a href="#">Maria Glyka</a> (GR)            |
| 3. <a href="#">Erik Bünger</a> (SE)           | 17. Matthias Ruthenberg (DE)                    |
| 4. <a href="#">GIDEONSSON/LONDRE</a> (SE)     | 18. <a href="#">Melissa Pokorny</a> (US)        |
| 5. <a href="#">Jens Reichert</a> (DE)         | 19. <a href="#">Minna Pöllänen</a> (FI)         |
| 6. <a href="#">Jens Strandberg</a> (SE)       | 20. <a href="#">Munan Övreli</a> (N)            |
| 7. <a href="#">Jessica Auer</a> (CA)          | 21. <a href="#">My Lindh</a> (SE)               |
| 8. <a href="#">Jessica Rayner</a> (UK)        | 22. <a href="#">Petter Lehto</a> (SE)           |
| 9. <a href="#">Jukka Hautamäki</a> (FI)       | 23. <a href="#">Ráðhildur Ingadóttir</a> (IS)   |
| 10. <a href="#">Karlotta Blöndal</a> (IS)     | 24. <a href="#">Richard Skelton</a> (UK)        |
| 11. <a href="#">Kati Gausmann</a> (DE)        | 25. <a href="#">Simona Koch</a> (DE)            |
| 12. <a href="#">Katrín Agnes Klar</a> (IS)    | 26. <a href="#">Suzanna Asp</a> (SE)            |
| 13. <a href="#">Kristiina Koskentola</a> (FI) | 27. <a href="#">Vasilis Vlastaras</a> (GR)      |
| 14. <a href="#">Lukas Kindermann</a> (DE)     |   |

Ár	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi listamanna:	15	26	29	24	27

## Styrkir

Skaftfell hlaut styrk 2014 frá **Norrænu menningargáttinni**, fimmta árið í röð, til þess að bjóða norrænum og baltneskum listamönnum tveggja mánaða dvalarstyrk.. Það voru Daníel Björnsson, Erik Bunger, Petter Letho og Kristiina Koskentola sem hlutu styrkinn á árinu. Auk þess kom Suzanna Asp aftur og kláraði dvöl sína en hún hlaut styrk til þess 2013.

Einnig hlaut Skaftfell í fyrsta sinn stuðning frá **Gotehe-Institute** og féll sá styrkur til Simonu Koch sem dvaldi í two mánuði.



Í gegnum samstarfsverkefnið **Frontiers in Retreat**, sem er fjallað um í næsta kafla, dvölu þrír listamenn í einn mánuði: Richard Skelton, Kati Gausmann og Ráðhildur Ingadóttir.

## Miðlun

Gestalistamenn taka þátt í starfsemi Skaftfells að miklu leyti og eru líflína miðstöðvarinnar við alþjóðlega listheiminn. Alls voru settar upp átta sýningar í Bókabúðinni og víðsvegar sem er upptalið í sýningardagskránni. Einnig taka listamenn reglulega þátt í listamannaspjalli og opnum vinnustofum.

### Opin vinnstofa

23. jan  
Jens Reichert  
Gestavinnustofa Skaftfells

### Listamannaspjall #17

13. maí  
Munan Övrelið, Melissa Pokorny, Randi Nygard  
Bókabúðin- verkefnarými

### Listamannaspjall #15

11. mars  
J.Pasila, Simona Koch  
Lunga skólinn

### Listamannaspjall # 18

8. ágúst  
Daniel Björnsson, Maria Glyka, Vassilis Vlastaras,  
Malin Pettersson Öberg & My Lindh  
Bókabúðin- verkefnarými

### Listamannaspjall #16

4. apríl  
Jens Strandberg, Karlotta Blöndal  
Bókabúðin- verkefnarými

### Listamannaspjall #19

7. nóv  
Jukka Hautamäki, Minna Pöllänen, Petter Lehto  
Gestavinnustofa Skaftfells

Þann 28. október fóru tveir gestalistamenn frá Skaftelli, þeir Erik Bünger og Petter Letho, til Neskaupsstaðar og héldu **kynningu á verkum sínum í Verkmenntaskóla Austurlands** í valáfanganum Listakademían. Þeir dvöldu báðir hér með styrk frá Norrænu menningargáttinni.



## Umsóknarferli fyrir 2015

**Fyrir árið 2015 bárust 174 umsóknir í gestavinnustofur**, það er 12 umsóknum minna en á síðasta ári. Fækkunina má mögulega rekja til að ekki var hægt að auglýsa styrk frá Norrænu menningargáttinni þar sem sjóðurinn var ekki búin að auglýsa styrki fyrir þann tíma.

Fyrir árið:	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi umsókna:	50	96	162	196	174

Gavin Morrison og Ingirafn Steinarsson sátu í valnefnd sem var stýrð af Litten Nyström. Af þessum fjölda voru 5 íslenskir listamenn, sem er 6 færra en árinu áður.

## Helstu verkefni framundan eru

- Auglýsa gestavinnustofur fyrir 2016
- Umsóknarferli og skipuleggja næsta ár.
- Taka á móti, aðstoða og veita ráðgjöf til listamanna sem eru væntanlegir.
- Gera rafrænt ársrit fyrir 2013 og 2014

## Innlent og erlent samstarf

### Aldamótabærinn Seyðisfjörður - Skapandi allt árið

Skaftfell tók þátt í átaksverkefninu *Aldamótabærinn Seyðisfjörður - Skapandi allt árið* sem hlaut styrk frá Þróunarsjóð ferðamála. Verkefnið var unnið af frumkvæði Skrifstofu ferða - og menningarmála á Seyðisfirði og tók margir aðilar innan geirans þátt í því. Markmiðið var að markaðsetja og þróa afþreyingu fyrir ferðamenn til að lengja ferðamannatímann. Forstöðumaður tók þátt í vinnufundum og aðstoðaði við að þróa nýja vefsíðu og markaðsáætlun.

### Frontiers in Retreat

Skaftfell tekur þátt í gríðarstóru gestavinnustofu- og sýningarverkefni á vegum HIAP, Helsinki International Artist Program. Verkefnið heitið [Frontiers in Retreat](#) og mun standa yfir í fimm ár, 2013-2018. Alls eru átta aðilar á bak við verkefnið sem samanstendur af gestavinnustofudvöl, myndlistarrannsóknnum og sýningum sem opna samtímis í öllum gestavinnustofunum árið 2017 og útgáfu í kjölfarið. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu, Menningaráætlun ESB. Skaftfell tók á móti þremur gestalistamönnum árið 2014, Richard Skelton frá Bretlandi, Kati Gausmann frá Þýskalandi og einnig tekur Ráðhildur Ingadóttir þátt í verkefninu. Listmennirnir koma aftur árið 2016 og dvelja þá í two mánuði hver. Skaftfell mun einnig stýra málstofu vorið 2016 og koma þá aðilar frá samstarfsaðilum til Seyðisfjarðar. Starfsmenn Skaftells fóru í tvær málstofur árið 2014 í tengslum við verkefnið: Tinna Guðmunds og Litten Nyström fóru til Helsinki í lok janúar og Tinna Guðmunds fór til Serbíu haustið 2014.

### Verkefni framundan

**Frontiers in Retreat** heldur áfram á fullum krafti 2015. Haldnar verða tvær málstofur, í Finnlandi og Lettlandi. Auk þess þarf að skipuleggja málstofu og búa til dagskrá.

Skaftelli var boðin þátttaka, í gegnum Nida Art Colony, í verkefninu **Climbing Invisible Structures. Residency, exchange and exhibitions**. Nida stýrir verkefninu en aðrir samstarfsaðilar eru the Foundation Office for Contemporary Art Norway, Nordic Artists' Centre Dale og Ars Communis. Verkefnið hlaut styrk úr EEA grants og hófst formlega vorið 2015. Skaftfell tekur á móti einum Litháenskum listamanni í two mánuði og einn íslenskur listamaður dvelur í Litháen.

Verkefnið **Frontiers of Solitude** kom í gegnum fyrrum gestalistamann, Michal Kinderney sem starfar há Gallery Skolska 28 í Prag. Gallery Skolska 28 stýrir verkefninu en aðrir samstarfsaðilar eru Aterlier Nord í Osló. Verkefnið hlaut styrk úr EEA grants og hófst einnig formlega vorið 2015. Skaftfell velur sex íslenska listamenn til þátttöku og heldur utan um 10 daga leiðangur sem mun fara fram haustið 2015.

Verkefnið **Artists as agents of institutional exchange** er stýrt af Lasi í Rúmeníu. Verkefnið hlaut styrk úr EEA grants og hefst haustið 2015. Skaftfell tekur á móti einum rúmenskum listamanni í tvær vikur og sendir einn íslenskan listamann í tvær vikur til þeirra.

Nánar verður greint frá þessum verkefnum í næstu ársskýrslu.

## Geirahús

Í mars 2013 skrifuðu Skaftfell og Tækniminjsafnið undir ótímabundin þjónustusamning varðandi Geirahús. Tækniminjasafnið mun veita faglega ráðgjöf um Geirahús og innanstokksmuni þess og Skaftfell mun sjá um framkvæmdahluta verkefnisins. Strax um sumarið 2013 fór mikil vinna í að tæma eldhús, klósett og geymslu af innanstokksmunum sem voru síðan skrásettir. Einnig var veggmynd á framhlið hússins endurgerð af Kristjáni Steingrími Jónssyni, Birni Roth og Goddi. Rúnar Loftur Sveinsson aðstoðaði.



## Framkvæmdir

Sumarið 2014 voru veggmyndir á vesturhlið endurmáluð af Rúnari Lofti, undir handleiðslu Godds. Myndirnar eru að mestu leyti tilbúnar en þarf að lagfæra eftir ábendingum. Einnig þarf að setja veðurkápu og þarf að fá staðfestingu á efnisvali frá Kristjáni Steingrími. Verkefnið var styrkt af Birni Roth.

Dren er tilbúið en frárennsli óklárað, vantar einnig lok. Rúnar Loftur hafði umsjón með verkefninu. Njörður Guðmundsson sá um að grafa og koma dreninu fyrir. Skaftfell sendi Sigurði Jónssyni, byggingafulltrúa umsókn fyrir frárennsli fyrir dren 26. september og málið er í ferli hjá bænum. Verkefnið var styrkt af Birni Roth.

Útidyrahurðin var endurgerð af Gunnari smið fyrir sunnan. Pétur Jónsson smiður setti hurðina upp um miðjan október. Kristján Jónsson rafvirkjameistari lagfærði útiljósið. Til stóð að gera loftgöt á þakið en við nánari skoðun reyndist ekki þörf á því.

## Verkefni framundan

Haldinn var fundur 9. október með samstarfsaðilum þar sem næstu skref voru ákveðið.

- Rannsaka þarf eldhúsgólf með því að taka dúk og gera gat. Gólfíð hefur algerlega verið tæmt og flestir lausmunir skráðir í Sarp. Pétur Kristjáns ætlar að klára skráningu í nóvember 2014.
- Laga þarf glugga, setja þunnt tvöfalt gler og sponsa.
- Setja þarf nýtt klósett
- Setja þarf nýja rafmagnstöflu, rafmagnssnúra var færð og er leidd inn í húsið inn á baðherbergi.
- Skipta þarf út ofnum, setja lausa rafmagnsofna.
- Sinna þarf viðhaldi á girðingu utandyra og hlöðnum steinum sem eru vatnsrás.
- Opna húsið aftur almenningi í maí / júní 2015

## Fjármál

Samningur, sem var undirritaður 6. febrúar 2012, milli Skaftfells, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Menningarráðs Austurlands um rekstrarstyrk til miðstöðvarinnar fyrir árin 2011-2013, var fram lengdur um eitt ár um vorið 2014. Rekstrarstaða Skaftfells var þar með tryggð um eitt ár til viðbótar en mikil óvissa ríkti allt árið um framhaldið. Ákveðið var á stjórnarfundi 10. september að forstöðumaður skildi leita leiða til að koma á fundi með þingmönnum kjördæmisins um málefni menningarstarfs á Austurlandi í samráði og samvinnu við Austurbrú. Því var fylgt eftir af miklum móði og Skaftfell fékk 10 milljónir aukalega í reksturinn gegnum fjárlagalið 02-982 hjá Mennta – og menningarmálaráðuneytinu. Í ársbyrjun 2015 var samningur um Sóknaráætlun Austurlands undirritaður til fimm ára og Skaftfell var þar í viðauka. Eftir stendur að gera samning milli Skaftfells, Seyðisfjarðarkaupstaðar og SSA.

Rekstrartekjur og gjöld á árinu 2014 eru töluvert hærri en árið áður. Ástæðurnar má helst rekja til að Skaftfell hlaut sérstakan rekstar- og stofnstyrk frá MRA til að ráða fræðslufulltrúa og gestavinnustofufulltrúa, styrk frá Norrænu menningargáttinni, úr Menningaráætlun ESB og frá Goethe-Institute. Rétt er að taka fram að stofn- og rekstrartyrkurinn frá Menningarráði Austurlands gerði miðstöðinni kleift að sinna verkefnum af miklum krafti.

	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>Rekstrartekjur</b>	21.696.132	21.034.515	15.206.873
<b>Rekstrargjöld</b>	(20.509.893)	(19.828.976)	(14.651.644)
<b>Vaxtatekjur</b>	24.469	50.197	29.909
<b>Vaxtagjöld</b>	(546.746)	(914.322)	(1.000.585)
<b>Hagnaður/Tap ársins</b>	<b>663.962</b>	<b>341.414</b>	<b>(970.676)</b>

	<b>2011</b>	<b>2010</b>	<b>2009</b>
<b>Rekstrartekjur</b>	18.352,800	16.033.013	11.322.041
<b>Rekstrargjöld</b>	(15,095,643)	(15,942,730)	(9,549,235)
<b>Vaxtatekjur</b>	4,705	14,536	21,355
<b>Vaxtagjöld</b>	(934,368)	(963,875)	(1,603,843)
<b>Hagnaður/Tap ársins</b>	<b>2.327,494</b>	<b>(859,056)</b>	<b>190,318</b>

Skaftfell hefur undanfarin ár getað styrk listamenn til dvalar í gegnum Norrænu menningargáttina. Árið 2014 bættust við styrkir frá Menningaráætlun ESB og Goethe-Institute. Eins og sjá má fengu listamenn tæplega 4 milljónir í gegnum starfsemi Skaftfells. Ef miðað er við listamannalaun, 310.913 kr. á mánuði, náðist að skapa atvinnu í næstum 13 mannmánuði.

<b>Styrkir til listamanna</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>
Norræna menningargáttin	1,267,773	3,069,136	2,118,145
Goethe-Institute	-	-	450,807
Menningaráætlun ESB	-	-	1,295,270
Rithöfundalestin	75,000	100,000	100,000
Alls	<b>1,342,773</b>	<b>3,169,136</b>	<b>3,964,222</b>

Töluverð vinna fór í að reyna að fá Landsbankann til samstarfs og styðja við reksturinn í gegnum samstarfssamning með gagnkvæmum ávinningu en allt kom fyrir ekki. Forstöðumaður fundaði með útibússtjóra sem í kjölfarið bauð að lækka vexti á láninu úr 7.05% í 5.15% og forstöðumaður samþykkti.

## Húsnæðismál

### Austurvegur 42

Viðhaldi á Austurvegi 42, Skaftfelli, var haldið í lágmarki árið 2014. Stærsta framkvæmdin var að mála eina umferð á þak Skaftfells, en það hefur staðið til í mörg ár. Rúnar Loftur stýrði þeirri framkvæmd í lok maí og komu margir sjálfboðaliðar að verkinu. Málning var keypt af Brimberg fyrir nokkrum árum og var orðin mjög gömul. Hún dugði bara fyrir einni umferð.

Einnig hélt Rúnar áfram með lagfæringar á gluggunum á 3. hæð, norðurhlið. Búið er að smíða, glerja og mála gluggana, eftir stendur að setja þá í. Þetta verkefni er styrk af Húsafríðunarsjóði og hefur verið stýrt af Elvari Má Kjartanssyni. Til stendur að setja gluggana í haustið 2015. Allar framkvæmdir hafa verið unnar með hliðsjón af ritröð Húsafríðunarnefndar.

Í fyrra gerði RoShamBo tillögu að alhliða útliti á framhlið Skaftfells. Um vor og sumar 2014 var unnið að því að merkja húsið í samræmi við þessar tillögur og smíða grindverk undir stiganum. Áfram verður unnið eftir þessum tillögum eins og færi gefst.

Framundan eru mörg verkefni í húsnæðismálum á Austurvegi 42. Ástandið á jarðhæðinni er orðið mjög varasamt á norðurhliðinni og vatn hefur nokkrum sinnum tekist að finna sér leið í gegnum vegginn í eldhúsinu. Húsaahótel ehf. tók við rekstri Bistrói Skaftfells í apríl 2011 og hafa þau séð um að halda við fyrstu hæðinni innandyra eftir þörfum. Stjórn samþykkti árið 2013 að endurnýja leigusamningur til 5 ára.

### Viðhaldsáætlun

Helstu áherslur í viðhaldi árið 2015 fyrir Austurveg 42 eru að:

- klára að mála þak
- klára viðgerðir á gluggum á 3. hæð
- drena suðurhliðina
- setja þakrennur á allt húsið

### Húsnæði í leigu Skaftfells

Skaftfell hélt áfram að leiga Austurveg 23, Bókabúð –verkefnarými, og er það nýtt sem vinnuaðstaða fyrir gestalistamenn og sýningarrými. Þar fóru fram minniháttar viðhald en eigandinn fór í þá framkvæmd að setja glugga í norðurhlið hússins. Miðstöðin leigði einnig áfram Norðurgötu og Hól. Rúnar Loftur vann að því að lagfæra ýmislegt smávægilegt en bæði húsnæðin þarfast töluverðs viðhalds í náinni framtíð.

### Stjórn Skaftfells 2014-2017

Kosin var ný stjórn á aðalfundi í maí 2014.

Fyrir Bandalag íslenskra listamanna:

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

varamaður: Kolbrún Halldórsdóttir

Fyrir Skaftfellshópinn:

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, formaður

varamaður: Gunnhildur Hauksdóttir

Fríða Björk Ingvarsdóttir

varamaður: Markús Þór Andrésson

Fyrir Seyðisfjarðarkaupstað:

Svava Lárusdóttir - ritari stjórnar og varaform.

varamaður: Vilhjálmur Jónsson

Fyrir fjölskyldu Garðars Eymundssonar:

Gréta Garðarsdóttir

varamaður: Jökull Snær Þórðarson

## Fylgiskjöl

1. Veigamestu verkefni fræðslufulltrúa, sept-des 2014
2. Yfirlit yfir gestalistamenn 2014
3. Veigamestu verkefni gestavinnustofur fulltrúa 2015